

REGLUGERÐ

um heilsugæslu.

KAFLI I.

Gildissvið, markmið, skilgreiningar, skipulag og aðgengi.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi afmarkar hlutverk, starfsemi og grunnþjónustu heilsugæslustöðva óháð rekstrarformi.

Ráðherra getur mælt nánar fyrir um framkvæmd ákvæða reglugerðar þessarar í kröfulýsingum og samningum sem gerðir eru í samræmi við ákvæði IV. kafla laga um sjúkratryggingar.

2. gr.

Markmið.

Markmið þjónustu heilsugæslu er að stuðla að bættu heilbrigði almennings á þjónustusvæði viðkomandi stöðvar. Heilsugæslunni ber að vinna að auknum lífsgæðum landsmanna með því að vernda og efla heilsu þeirra, stunda fræðslu og hafa frumkvæði að þróun og eflingu þjónustunnar.

3. gr.

Orðskýringar.

Heilbrigðisstofnun heilbrigðisumdæmis: Heilbrigðisstofnun á vegum hins opinbera sem veitir heilbrigðisþjónustu í skilgreindu heilbrigðisumdæmi, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007. Heilbrigðisstofnun heilbrigðisumdæmis skal sjá um að veita fyrsta og annars stigs heilbrigðisþjónustu á heilsugæslustöðvum og/eða sjúkrahúsum, m.a. á göngu- og dagdeildum, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007.

Heilsugæslustöð: Heilbrigðisstofnun þar sem veitt er fyrsta stigs heilbrigðisþjónusta samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu. Heilsugæslustöð getur verið einkarekin eða opinber á vegum heilbrigðisstofnana heilbrigðisumdæma landsins.

Heilsugæslusel: Starfsstöð heilsugæslustöðvar á vegum heilbrigðisstofnunar heilbrigðisumdæmis í strjálbýlum eða mjög fámennum byggðum á landsbyggðinni og með takmarkaðan opnunartíma. Starfsstöð getur verið hvort sem er í húsnæði á vegum heilsugæslustöðvar eða í færanlegum einingum.

Pverfaglegt teymi heilbrigðisstarfsmanna: Hópur heilbrigðisstétta sem vinnur saman og nýtir þekkingu sína til að ná sameiginlegum markmiðum er varða heilsu og vellíðan sjúklings.

Miðlæg þjónusta: Þjónusta sem ætluð er einstaklingum óháð skráningu á heilsugæslustöð samkvæmt ákvörðun ráðherra eða með samningum við Sjúkratryggingar Íslands. Er ætlað að styðja og bæta við aðra heilsugæsluþjónustu og getur til dæmis falist í sérhæfðri þjónustu við tiltekna hópa.

Staðfangaskrá: Ákvarðar skiptingu umdæmis einstakra heilsugæslustöðva og er samkvæmt ákvörðun ráðherra. Á höfuðborgarsvæðinu fer skiptingin eftir götum og húsnúmerum en á landsbyggðinni eftir sveitarfélögum og póstnúmerum.

Tengiliður vegna farsældar barna: Heilbrigðisstarfsmaður sem starfar á heilsugæslustöð, eða eftir atvikum heilbrigðisstofnun, og styður við samþættingu fyrsta stigs þjónustu í þágu farsældar barns, sbr. 17. gr. og 18. gr. laga nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

Dagvinnutími: Á virkum dögum frá kl. 08:00-17:00

4. gr.

Skipulag heilsugæsluþjónustu.

Heilsugæslustöðvar sinna fyrsta stigs heilbrigðisþjónustu og eftir atvikum annars stigs heilbrigðisþjónustu samkvæmt ákvörðun ráðherra. Skipulag þjónustu heilsugæslustöðvar skal miða við að hún sé fyrsti viðkomustaður notenda heilbrigðisþjónustu.

VINNUSKJAL

Heilsugæslustöðvar í hverju heilbrigðisumdæmi skulu hafa með sér samráð um skipulag heilsugæslunnar í umdæminu og aðgengi að henni. Komi upp ágreiningur milli heilsugæslustöðva um skipulag og aðgengi að heilsugæslu í heilbrigðisumdæmi sker ráðherra úr.

5. gr.

Aðgengi að heilsugæsluþjónustu.

Heilsugæslustöð ber að tryggja jafnt aðgengi allra notenda heilbrigðisþjónustu að fyrsta og eftir atvikum annars stigs heilbrigðisþjónustu.

Hver einstaklingur skal eiga rétt á þjónustu heilsugæslu hvar sem er á landinu en miða skal við að einstaklingur leiti fyrst á þá stöð þar sem hann er skráður.

Heilsugæsluþjónusta getur verið veitt í samvinnu stöðva innan sama heilbrigðisumdæmis.

Sjúklingar skulu hafa aðgengi að rafrænum samskiptum.

Heilsugæslusel, þar sem þau eru til staðar, koma til stuðnings heilsugæsluþjónustu í umdæminu. Starfræksla heilsugæslusela er á ábyrgð forstjóra viðkomandi heilbrigðisstofnunar heilbrigðisumdæmis og er háð samþykki ráðherra.

6. gr.

Skráning á heilsugæslustöð.

Einstaklingur skal skráður á ákveðna heilsugæslustöð samkvæmt eigin vali en annars samkvæmt lögheimili og að jafnaði á þverfaglegt teymi heilbrigðisstarfsmanna.

Einstaklingur telst vera skráður á heilsugæslustöð ef hann hefur staðfest skráningu á stöðina og veitt þannig samþykki fyrir flutningi sjúkraskrárgagna. Samhliða og sjálfkrafa fer viðkomandi einstaklingur af skrá hjá þeirri heilsugæslustöð sem hann tilheyrði áður.

Einstaklingur sem fær stöðu sjúkratryggðs er skráður á stöð samkvæmt lögheimili. Heimilt er að breyta skráningu nýbura við sex vikna aldur.

Heilsugæslustöðvum er heimilt að óska eftir tímabundinni lokun nýskráningar til ráðherra fyrir einstaklinga sem eru utan þeirra staðfangaskrár.

Sjúkratryggingar Íslands skulu hafa eftirlit með því að skrár heilsugæslustöðvar séu uppfærðar reglulega.

KAFLI II.

Mönnun, húsnæði og búnaður heilsugæslustöðva.

7. gr.

Mönnun.

Forstjóri eða rekstraraðili heilsugæslustöðvar, eftir því sem við á, skulu tryggja að allir sem inna af hendi starf á heilsugæslustöð hafi hlotið til þess viðhlítandi menntun og/eða starfsþjálfun. Heilbrigðisstarfsmenn skulu hafa gilt starfsleyfi hér á landi, sbr. lög nr. 34/2012, um heilbrigðisstarfsmenn.

Forstjóri eða rekstraraðili heilsugæslustöðvar, eftir því sem við á, skal tryggja að starfsmenn sem sinna sérhæfðum verkefnum hafi fengið viðeigandi þjálfun til að sinna þeim, stundi sí- og endurmenntun við hæfi og starfi samkvæmt klínískum leiðbeiningum, skilgreindu verklagi og gæðahandbók.

Þegar nýjar verklagsreglur eru teknar í notkun skal veita starfsfólki leiðsögn um notkun þeirra. Nýráðna starfsmenn skal fræða um notkun verklagsreglna, skráningu í sjúkraskrá og annað sem við á.

8. gr.

Húsnæði og búnaður heilsugæslustöðva.

Forstjóri eða rekstraraðili heilsugæslustöðvar, eftir því sem við á, skal tryggja að húsnæði og búnaður uppfylli lög nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, og gildandi byggingarreglugerð og brunavarnir á hverjum tíma, ásamt gildandi viðmiðum um stærð og skipulag heilsugæslustöðva.

Forstjóri eða rekstraraðili heilsugæslustöðvar, eftir því sem við á, skal tryggja að húsnæði og búnaði sé viðhaldið og endurnýjað eins og þörf krefur.

VINNUSKJAL

KAFLI III.

Þjónusta sem veitt er á heilsugæslustöðvum.

9. gr.

Hlutverk og þjónusta heilsugæslustöðva.

Heilsugæslustöð skal veita sjúklingum sínum samfellda, samhæða og þverfaglega heilbrigðisþjónustu.

Heilsugæslustöðvar skulu viðhafa gagnreynd vinnubrögð og verklag við veitingu heilbrigðisþjónustu og nýta til þess viðurkenndar klínískar leiðbeiningar.

Auk þeirrar heilbrigðisþjónustu sem veitt er á heilsugæslustöðvum skal þar veitt fjölbreytt kennsla og þjálfun til heilbrigðisstétta.

Heilsugæslustöðvar skulu bjóða upp á fyrir fram bókaða tíma, opna móttöku, heimavítjanir, hóptíma, auk fjarheilbrigðisþjónustu með veitingu símavíðtala, myndsímtala og rafrænna samskipta.

Á heilsugæslustöð og í heilsugæsluseli á vegum hennar, þar sem það á við, skal meðal annars veitt eftirfarandi þjónusta:

- a. Heimilislækningar og önnur heilbrigðisþjónusta, þar sem sinna skal bráðum og langvinnnum heilsuvanda í samræmi við þarfir sjúklinga hverju sinni.
- b. Afgreiðsla bráðra erinda og smáslysa án tímabókunar þar sem sjúklingar geta fengið þjónustu tafarlaust ef erindið þolir ekki bið.
- c. Sáramedferð, lyfjagjafir þ.m.t. forðalyfjagjafir vegna geðsjúkdóma, smáaðgerðir, leghálsskimun og bólusetningar.
- d. Meðgönguvernd, ung- og smábarnavernd og heilsuvernd skólabarna, sbr. reglugerð **XX/XXX** um skólaheilsugæslu, heilsuvernd fullorðinna og heilsuvernd aldraðra.
- e. Sóttvarnir, sbr. sóttvarnarlög nr. 19/1997, reglugerð nr. 817/2012 um sóttvarnir og reglugerð nr. 221/2012 um skýrslugerð vegna smitsjúkdóma.
- f. Vítjanir til sjúklinga vegna bráðaerinda sem sinnt er á dagvinnutíma. Mat á þörf fyrir bráðavítjun er í höndum heilbrigðisstarfsmanns á stöðinni.
- g. Rannsóknir sem nauðsynlegar eru fyrir sjúklinga. Nærrannsóknir skulu framkvæmdar á heilsugæslustöðinni sjálfri, þ.e. algengar og einfaldar rannsóknir sem heilbrigðisstarfsmenn stöðvarinnar þurfa að láta gera í tengslum við greiningar og eftirlit með sjúklingum.
- h. Þjónusta við einstaklinga með eða í hættu á að fá fjölpættan og/eða langvinnan heilsuvanda þar sem er veitt heildræn, samfelld og þverfagleg þjónusta.
- i. Geðheilbrigðisþjónusta sem felur í sér mat á vanda þ.m.t. geðmat, heildræna meðferðaráætlun og viðeigandi meðferð, auk mats á því hvort þörf sé á sértækri geðheilbrigðisþjónustu.
- j. Aðra heilbrigðisþjónustu, svo sem félagsráðgjöf, iðju- og sjúkráþjálfun, næringarráðgjöf o.fl. í samræmi við ákvörðun ráðherra.
- k. Þjónusta samkvæmt sérstökum samningum við Sjúkratryggingar Íslands.

KAFLI IV.

Miðlæg þjónusta

10. gr.

Miðlæg þjónusta.

Ráðherra ákveður sérstaklega fyrirkomulag miðlægrar þjónustu samkvæmt þessari grein sem veitt er til viðbótar við grunnþjónustu samkvæmt 9. gr., hvort sem hún er veitt á landsvísu eða innan heilbrigðisumdæmis:

- a. Heilbrigðisþjónusta heim, fyrir þá einstaklinga sem hennar þarfnast. Þverfagleg þjónusta þar sem heimahjúkrun er í forgrunni.
- b. Samhæfingarstöð krabbameinsskimana.
- c. Heilbrigðisskoðun innflytjenda, sem sinnir fyrstu heilbrigðisskoðun sem og viðeigandi heilbrigðisþjónustu samkvæmt lögum um útlendinga nr. 80/2016.
- d. Vegvísun í heilbrigðiskerfinu og fjarheilbrigðisþjónusta í rauntíma, auk forflokunar og bókaunar í viðeigandi heilbrigðisþjónustu.

- e. Hópfærðsla og ráðgjöf til sjúklinga í formi námskeiða.
- f. Heilaörvunarmiðstöð sem veitir segulörvunarmeðferð við miðlungs til alvarlegu meðferðarþráu þunglyndi.
- g. Geðheilsumiðstöð fyrir börn þar sem veitt er sértækari þjónusta en kveðið er á um í 9. gr.
- h. Geðheilsuteymi þar sem veitt er sértækari þjónusta en kveðið er á um í 9. gr.
- i. Heilbrigðisþjónusta við fanga.
- j. Héraðsvakt lækna.

11. gr.

Faglegar leiðbeiningar, þekkingarvefur og fagrád.

Embætti landlæknis fer með yfirumsjón útgáfu faglegra leiðbeininga.

Þá ber embætti landlæknis ábyrgð á ritstjórn þekkingarvefs. Samvinna ritstjórnar skal höfð við Landspítala, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og fulltrúa heilbrigðisumdæma á landsbyggðinni.

Heilbrigðisráðherra skipar fagrád heilsugæslu sem vinnur að stefnumörkun og tryggir tengsl við aðrar heilbrigðisstofnanir sem reka heilsugæslustöðvar. Í fagráðinu situr einn fulltrúi frá hverri heilbrigðisstofnun sem rekur heilsugæslustöð, einn fulltrúi fyrir hönd einkarekinna heilsugæslustöðva, einn fulltrúi frá heilbrigðisvísindasviði Háskóla Íslands og einn fulltrúi frá heilbrigðisvísindasviði Háskólans á Akureyri ásamt fulltrúa frá embætti landlæknis sem veitir fagráðinu forystu. Fagráðið skal hafa aðsetur hjá embætti landlæknis og ber að skila starfsemisáætlun til heilbrigðisráðherra til tveggja ára í senn.

KAFLI V.

Gildistaka

12. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi sem sett er með stöð í 3. mgr. 6. gr., 2. mgr. 7. gr. og 38. gr. laga nr. 40/2007, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum, **öðlast gildi XX.XX.XXXX**. Við gildistöku reglugerðar þessarar falla úr gildi ákvæði VI. kafla reglugerðar nr. 1111/2020, um heilbrigðisumdæmi og hlutverk, starfsemi og þjónustu heilsugæslustöðva, heilbrigðisstofnana og sjúkrahúsa.

Dags

Undirritun

_____ *undirritun*